

# SKÝRSLA FERÐANEFNDAR KAYAKKLÚBBSINS ÁRIÐ 2017

Ferðanefnd 2017 var skipuð: Andra Þór Arinbjörnssyni, Sveini Muller, Guðna Páli Viktorssyni, Lárusi Guðmundssyni, S.Perlu Thorsteinson, Örlygi Sigurjónssyni, Ólafíu Aðalsteinsdóttur og undirritaðri Hildi Einarsdóttur

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipuleggur ferðina, fær nauðsynlega leyfi, t.d. þegar þarf að fara um einkalönd og fá leyfi til að setja upp tjaldbúðir. Gengið er út frá því að hver nefndarmaður taki að minnsta kosti að sér að skipuleggja eina ferð.

Einn nefndarfundur voru haldinn í janúar þar sem ferðir sumarsins voru teiknaðar upp. Reynt var að teikna upp raunhæft ferðaplan. Hætt var við fjóra af fjórtán auglýstum viðburðum á vegum ferðanefndar. Veður setti strik í reikninginn í tveimur tilvikum af þessum fjórum. Helgarferð á Jónsmessu út í Purkey og dagsferð frá Leirvogi til Akraness.

Tvær Breiðafjarðarferðir voru á dagskrá, í þeirri fyrri var stefnan tekin í Purkey, þar sem klúbbmeðlimum var boðið í brúðkaup hjá Eyjólfri Purkeyjarprins. Ræðarar mættu vestur, ákveðinir í að láta ekkert stoppa sig. En þegar á staðinn var komið, tók skynsemin yfirhöndina og ferðin blásin af vegna veðurs. Seinni ferðin var á hefðbundnum tíma, sérlega velheppnuð og skemmtileg.

Skýrslan er kaflaskipt á eftirfarandi hátt:

Áætlaðar ferðir	bls.2
Ferðir sem féllu niður	bls.4
Ferðalýsingar	bls.4

Myndirnar í skýrslunni er teknar af:

Ágústi Inga Sigurðssyni  
Jónasi Guðmundssyni  
Kristni Einarssyni  
Sveini Axeli Sveinssyni  
Sveini Muller  
Þorsteini Jónssyni

Ég þakka ferðanefnd samstarfið og ræðurum samveruna.

F.h. ferðanefndar  
Hildur Einarsdóttir

## Áætlaðar ferðir

### apríl

staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	dagsetning
-------------	-------------	---------------	------------

Sundin	nætturróðrar	Örlygur	miðvikud. og
--------	--------------	---------	--------------

Lýsing:

Sundin	Nætturr.-tjald	Örlygur	Föstud.14 – laugard.15
--------	----------------	---------	------------------------

**Lýsing:** Útilega. Róið verður í Engey eða Akurey og gist þar í tjöldum. Að morgni laugardags verður sameinast félagsróðri. Allur viðlegubúnaður skal tekinn með, prímus, svefnpoki, aukaföt o.s.frv. Mæting í Geldinganesi kl. 21 á föstudagskvöld.

Reykjanes	dagsferð	Andri	Fimmtud.27
-----------	----------	-------	------------

Lýsing: Nánari lýsing kemur síðar.

### maí

Leirvogur -Akranes	dagsferð	Sveinn Muller	laugard.13
--------------------	----------	---------------	------------

**Lýsing:** Lagt verður upp frá Súlunesi í Grunnafirði og farið á útfallinu út í ósinn. Síðan verður róið meðfram ströndinni til Akranes, alls um 15 km. Leið með góðu kaffistoppi á leiðinni.

Hvítá - straumkayak	dagsferð	Andri	laugard.21
---------------------	----------	-------	------------

**Lýsing:** Það er löngu komin hefð fyrir að fara bunu niður Hvítánnu, seinni hlutann í maí. Eins og áður er sjókeyak fólk hvatt til að stíga út fyrir þægindarammann og skella sér með. Þeir sem að treysta sér til geta farið frá veiðistaðnum en byrjendum er ráðlagt að fara frá Brúarhlöðum þar sem hópurinn mun sameinast. Kayakklúbburinn getur útvegað eitthvað af straumkayökum sem verður útdeilt á skráða þátttakendur. Hittumst á Drumboddsstöðum kl 10:00

### Júní

Hörpuróður	dagsferð	S.Perla	sunnud.11
------------	----------	---------	-----------

**Lýsing:** Hinn árlegi Hörpuróður verður á Sjómannadaginn. Róið er frá Skarfakletti (eða Geldinganesi með viðkomu í Skarfakletti), með ströndinni inn í Reykjavíkurböfn. Það er venjan að hafa kaffistopp áður en róið er til baka.

<b>Jónsmessuróður/Brúðkaup í Purkey</b>	helgarferð	Eyjólfur Jónsson og Lárus Guðmundsson	föstud.23-sunnud.25
<p><b>Lýsing:</b> Ferðinni er heitið í Purkey á Breiðafirði í fylgd staðkunnugs heimamanns sem einnig er félagi í klúbbnum, Eyjólfur Jónsson frá Purkey.</p> <p>Hann mun leiða okkur út í eyju á föstudegi og um eyjarnar í nágrenni á laugardegi.</p> <p>Að róðri loknum á laugardag verður brúðkaup Eyjólf og grískrar unnustu hans í Purkey og okkur er boðið til athafnar og veislu.</p> <p>Á sunnudegi róum við svo heim á leið.</p> <p>Ferðir um þetta svæði geta verið krefjandi veður og straumar geta sett strik í reikninginn. Þátttakendur þurfa að samsvara sér við kröfur klúbbsins um getu og færni.</p>			

### Ágúst

<b>Breiðafjörður</b>	helgarferð	Guðni Páll	föstud.11-sunnud.13
<p><b>Lýsing:</b> Gert er ráð fyrir að taka ferjuna Baldur frá Stykkishólmi á föstudegi og róa um Flatey og eyjar í nágrenninu. Mögulega að einhverjir rói í Flatey frá Stykkishólmi, sem er 4 ára ferð.</p> <p>Gist verður á tjaldsvæðinu í Flatey. Nánari lýsing kemur síðar.</p>			

<b>Reykjavík-Akranes</b>	dagsferð	Klara	sunnud. 26
<p><b>Lýsing:</b> Róið verður eins og leið liggur frá Reykjavík (annaðhvort Geldinganesi eða Gróttu) upp á Akranes. Á Akranesi verður líklega lent fyrir neðan Jaðarsbakka (Langisandur) nema ef ferðaplaninu verði breytt og stefnan tekin á Akranesvita eða tjaldstæðið. Allt kemur þetta í ljós þegar nær dregur. Ferðin er háð því að aðstæður verði góðar, svo til sléttur sjór þar sem um er að ræða rúmlega 20 km. Þverun án möguleika á landtöku.</p>			

### September

<b>Þingvallavatn</b>	dagsferð	Ólafía og Perla	laugard.9
<p><b>Lýsing:</b> Róið um Þingvallavatn. Þingvallavatn er stærsta stöðuvatn á Íslandi og hluti þess er innan Þjóðgarðs. Nánar lýsing kemur síðar.</p>			

### Október

<b>Sundin</b>	næturróðrar	Örlygur	miðvikud.4 og 11.
<b>Lýsing:</b>			

<b>Sundin</b>	Næturr.-tjald	Örlygur	Föstud.14 – laugard.15
<p><b>Lýsing:</b> Útilega. Róið verður í Engey eða Akurey og gist þar í tjöldum. Að morgni laugardags verður sameinast félagsróðri. Allur viðlegubúnaður skal tekinn með, prímus, svefnpoki, aukaföt o.s.frv. Mæting í Geldinganesi kl. 21 á föstudagskvöld.</p>			

## Ferðir sem féllu niður


staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	Dagsetning
Leirvogur -Akranes	dagsferð	Sveinn Muller	laugard.13
Hvítá - straumkayak	dagsferð	Andri	laugard.21
Jónsmessuróður/Brúðkaup í Purkey	helgarferð	Eyjólfur Jónsson og Lárus Guðmundsson	föstud.23-sunnud.25
Reykjavík-Akranes	dagsferð	Klara	sunnud. 26

## Ferðalýsingar

### Mars, apríl og október

Sundin	Örlygur	Næturróðrarsería
--------	---------	------------------

Tvær Næturróðrarseríur voru á dagskrá ferðanefndar 2017. Sú fyrri (sú 6. í röðinni frá upphafi) í mars-apríl og 7. serían var í október. Hvor serían um sig innihélt 3 næturróðra þar af einn með gistingu, í Þerney í bæði skiptin. Mætingar urðu 17 í fyrri seríuna og 10 í þá seinni. Fyrstu Næturróðrarseríu ferðanefndar var hleypt af stokkunum árið 2014 og hafa þær verið fastur liður í dagskrá ferðanefndar æ síðan og eru orðnar snar þáttur í starfsemi ferðanefndar. Stefnt er að því að bæta við tveim seríum á árinu 2018.



Örlygur Sigurjónss.

Myndir: [goo.gl/photos/MxLBwZH3TWPCQPav7](http://goo.gl/photos/MxLBwZH3TWPCQPav7)

## Apríl

Reykjanes	Dagsferð	Andri	Fimmtud.27
-----------	----------	-------	------------

Róið var frá Keflavík og yfir í Garð.

Þetta var þægilegur og skemmtilegur róður, 11,8km í ýmist logni eða meðvind og 10 manns á sjó. Þau sem réru voru Andri, Guðni Páll, Sveinn Axel, Þormar, Unnur, Eiríkur, Smári, Kristinn, Örlygur og Gísli Karls.



Andri

[Nokkrar myndir](#)

## Júní

Hörpuróður	Dagsferð	S.Perla	sunnud.11
------------	----------	---------	-----------

Átta mættu í Hörpuróður í rjómblíðu um hádegisbilið í dag. Undirritaður ásamt Helgu og Unni réru frá Geldinganesi og hittu á aðra sjófara við Skarfaklett, þar sem látið var úr höfn 12:40.

Ekki gekk nógu vel að halda hópinn fyrri hluta leiðar þar sem nokkrir voru komnir í siglingalínu.

Að lokum tókst þá að ná hópnum að landi og skrifast þessi uppákoma á reynsluleysi fararstjóra, en allir komust heilir í land og er þetta góð lexía í reynslubanka undirritaðs.

Komum í Reykjavíkurhöfn rétt fyrir kl. tvö, þar sem gott kaffistopp var tekið og hittum þar á meistara Gísla HF. Gaman að því. Í Reykjavíkurhöfn sagði yngsti ræðarinn (15 ára) skilið við hópinn, eftir að hafa staðið sig með stakri þryði en aðrir ræðarar réru til baka rétt fyrir þrjú. Hafði þá bætt verulega í



vind og komnir voru hvítir öldutoppar þannig að bakaleiðin varð að ágætis puði. Allt gekk þó sem skyldi þar sem allir héldu sig nálægt landi og utan „alfaraleiðar“.

Rauður Romany var þó ekki alveg á því að fara sjóleiðina til baka og reyndi við hvert tækifæri að stíma stystu leið í land þannig að úr varð þónokkur barningur. Endaði það með því að eigandinn gafst upp á að tjónka við bátinn þegar komið var í Skarfakletta og endaði ferð sína þar.

Komið var að Skarfaklettum korter fyrir fjögur en Helga og Unnur réru alla leið í Geldinganes. S. Perla

Þessir réru: Perla (fararstjóri), Unnur, Helga, Haukur, Daníel, Indriði, Þormar og sonur.

## Ágúst

Breiðafjörður	helgarferð	Guðni Páll	föstud.11-sunnud.13
---------------	------------	------------	---------------------

Ferðin þetta árið var aðeins öðrvísi en oft áður en ákveðið var að halda til í eyjunni Flatey og róa umhverfis nágrenni hennar. En föstudaginn 11.8.17 kom hópurinn saman í Stykkishólmi um tvö leitið og átti pantað far með ferjunni Baldri útí Flatey seinna þann dag. Allt gekk þetta vel þrátt fyrir erfiða umferð og tafir á henni á leiðinni. Samsagt allir voru mættir í tækatið fyrir brottför.

Um borð voru svo 18 bátar á kerru hífðir um um borð ásamt farangri okkur. Einn bátur var borinn um borð um landgang. Siglingin gekk vel enda blíða í lofti og sjó. Þegar komið var í Flatey var búnaður og báta kerra flutt með traktor á tjaldsvæði eyjunnar þar sem við höfðum aðsetur yfir helginna.

Maggi Einars frá Ísafirði var þegar kominn í Flatey frá Brjánslæk róandi og beið okkar á bryggjunni. Föstudagskvöldið fór nú mestmegnis í að koma upp tjaldbúðum og röltu um eyjunna og njóta veðurbliðunnar og fallegs sólarseturs.

Laugardagurinn var okkar aðalróðrardagur háflóð var kl 10.00 og var brottför þá ferðinni haldið frá Flatey í Svefneyjar en þar á milli er um 3,2km þverun og svo voru Svefneyjar skoðaðar með stuttu stoppi í Svefney þaðan lá leið okkar í Hvallátur þar var tekinn matartími í fallegu veðri. Veðurspá hafði verið aðeins rokkandi varðandi heimferð og spáði um 8-10m/s mótvindi á heimleið okkar. Sú spá rættist að mestu en við höfðum gott skjól af Svefneyjum og gátum róðið innan eyja mest allan tímann. En var nánast kominn fjara á þessu tíma og því reyndi aðeins á róðrarstjóra og aðstoðarmenn hans að finna rétta leið heim en það hafðist og þá tók við þverun frá Svefney í Flatey í nokkuð sterkum N/V vindi með öldu. Ekki var það mikið mál fyrir öflugan hóp, en heildar vegalengd þennan dag endaði í 30 km. Kvöldið var nokkuð venjulegt með sameiginlegu grilli. Eftir það fóru sumir á tónleika á hótelinu og aðrir áttu skemmtilegar umræður í klúbbtjaldinu um hin ýmis mál.

Veðurspá fyrir sunnudaginn var hreint frábær og rættist hún heldur betur, við fengum algjörlega frábært veður. Róðið var útí Hergilsey með viðkomu í Sýrey, Feitsey, Langey, Skeley. Frábært róðrarsvæði í frábæru veðri. Eftir gott stopp í Hergilsey var haldið heim á leið, Maggi Einars kvaddi hópinn og réri þaðan Brjánslæk. Heimferðin gekk mjög vel og var góður hraði á hópnum tekið var stutt stopp í Langey aðeins til að rétta úr sér en einnig var Flatey hringuð með þessum róðri. Frábær 26.km dagur og ekki var að sjá á fólki að það vildi halda heim á leið. En við áttum bókaða ferð heim með Baldri kl 20:00 um kvöldið. Eftir róður skelltu sér nokkrir í sjósund á meðan aðrir gengu frá tjöldum og gerðu sig klára fyrir brottför.

Vel heppnuð ferð í alla staði og langar mig að þakka öllum fyrir komuna og sérstaklega aðstoðar

mönnum mínum við róðrarstjórn sem var afar auðvelt verk í þetta skiptið. Hópurinn var sterkur og fjölbreyttur, þetta var einnig í fyrsta skiptið sem Surfski bátar voru með okkur og vonandi var þetta fyrsta skiptið af mörgum. Breiðafjörðurinn stóð fyrir sínu eins og alltaf. Frábært róðarsvæði fyrir okkur kayak fólk.

Guðni Páll

Þátttakendur.:Sveinn Axel, Hildur, Gísli Karls, Unnur Eir, Bjössi, Egill, Marta, Helgi Þór, Gunnar Svanberg, Sveinn Muller, Sara, Maggi Einars, Pormar, Anton Sig, Þórólfur. Jóna, Kiddi , Benni og Gunnar Ingi

Myndir:



[Myndasafn](#)

[Myndasafn](#)

## September

<b>Þingvallavatn</b>	dagsferð	Ólafía og Perla	laugard.9
----------------------	----------	-----------------	-----------

Það var brakandi blíða og fallett haustveður þegar 19 kayakar og 2 brimskíði lögðu út frá Klöppinni kl. 10:40, nokkuð seinna en áætlað var en það skrifast allt á hjólreiðakeppnina „Reykjavík-Þingvellir“ sem var í fullum gangi þennan morgun.

Ekki fékkst leyfi þjóðgarðsvarðar fyrir að kíkja á Silfru þannig að róíð var beint yfir að Lambhaga og landi fylgt að Vatnskoti, þaðan var stefnan sett á Arnarfell þar sem áð var. Eftir nestis- og berjaát var lagt í hann á nýjan leik en án Inga og Evu sem kvöddu hópinn og réru sömu leið til baka en aðrir héldu áfram för.

Það var aðeins breytt út af fyrirhugaðri ferðaáætlun og í stað þess að þvera beint á Nestá var stefnan sett á Sandey og þaðan yfir að Nestá. Þá hafði bætt aðeins í vind, þannig að úr varð gott hopperi þar sem einhverjir lentu í vatninu, en allt fór þó vel.

Þegar komið var fyrir Nestá fengum við smá skjól þannig að síðasti spölurinn var frekar tíðindalítill. Sem sagt góður og að mörgu leiti krefjandi róður í falletgri náttúru og ekta íslenskri veðráttu, sem taldi rok, rigningu, sól og logn, og var það vel við hæfi á gamla Þingstaðnum sjálfum.

Klukkan hálf fjögur var komið að bílunum eftir rúmlega 20 km róður, þaðan sem hver fór til síns heima. Við þökkum þáttökuna.

### Perla og Ólafía

Þessir réru: Sveinn Axel, Hildur, Ingi, Eva, Lárus, Kolla, Reynir Tómas, Örlygur, Egill, Marta, Jónas, Þórólfur, Jóna, Rúnar, Harpa, Þorsteinn, Toni + einn, Bjarni og loks fararstjórnarnir þær Perla og Ólafía.

### Myndir:





[Myndasafn](#)

[Myndasafn](#)

[Myndasafn](#)

[Myndasafn](#)